



Ungir
Umhverfissinnar

www.umhverfissinnar.is

Pósthússtræti 3-5

101 Reykjavík

ICELAND

Bogi Kristinsson Magnúsen
Miðbraut 11
370 Búðardalur
byggingarfulltrui@dalir.is

Reykjavík, 15. október 2017

Athugasemdir varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna Hvalárvirkjunar

Ungir umhverfissinnar mæla eindregið með því að sveitarstjórn Árneshrepps taki þá ákvörðun að umrædd tillaga til breytingar á aðalskipulagi verði dregin til baka, sem hluti af því ferli að hætta við áformin um Hvalárvirkjun. Það væri umhverfinu og komandi kynslóðum í hag, líkt og fram kemur í neðangreindum rökstuðningi.

Sjónarmið þessi byggja m.a. á samtali við ungt fólk, sérfræðinga í raforkudreifingu, ferðaþjónustu og umhverfisvísindum, ásamt reynslu af sambærilegum framkvæmdum annars staðar á landinu.

Umhverfissjónarmið

- Ekki hefur verið gert mat á umhverfisáhrifum tengingar virkjunarinnar við landsnetið og því eru heildaráhrif framkvæmdarinnar ekki þekkt.
- Áhrif framkvæmdarinnar yrðu óafturkræf og langt umfram samfélagslegan ávinning verkefnisins, sérstaklega þegar horft er til komandi kynslóða. Ekki er séð að framkvæmdin standist 2., 3. og 61. gr. náttúruverndarlaga, nr 60/2013, sbr. umsögn Skipulagsstofnunar.
- Raforkuframleiðsla virkjunarinnar yrði langt umfram orkuþarfir Vestfjarða samkvæmt raforkuspá Orkustofnunar. Í þessu samhengi er vert að minna á fyrirhugaða stækkun Mjólkárviðvirkjunar og möguleika á minni virkjunarkostum, þ.e. Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsviðvirkjun og Hest- og Skötufjarðarviðvirkjun. Hver og ein þeirra myndi fullnægja orkuþörf Vestfjarða um langa framtíð.

Raforkuöryggi

- Samkvæmt áætlun Orkubús Vestfjarða um að skipta öllum loftlínunum dreifiveitu Vestfjarða út fyrir jarðstrengi, má búast við þrífasa rafmagni í Árneshreppi á komandi árum og er sú vinna nú þegar hafin. Minnt er á að fái sveitarfélagið styrk úr fjarskiptasjóði myndi verkefninu flýta til muna.
- Nú þegar er stefnt að hringtengingu á sunnanverðum Vestfjörðum, sbr. kerfisáætlun Landsnets, og stækkun Mjólkárviðvirkjunar, sem bæði myndu bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum.
- Til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum enn frekar væri hægt að ráðast í endurbætur á Mjólkárhlínu en skv. skýrslu Landsnets um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, dags. mars 2009 (Landsnet-09009), myndi sú aðgerð hafa mjög jákvæð áhrif á afhendingaröryggi á Vestfjörðum.
- Umhverfisáhrif fyrrgreindra aðgerða á flutningskerfi eru margfalt minni en vegna Hvalárvirkjunar.

Samfélagssjónarmið

- Engin framtíðarstörf fylgja virkjuninni.
- Ungt fólk vill síður flytja þangað sem umfangsmikið náttúrurask hefur átt sér stað.
- Þrátt fyrir mikinn umgang á framkvæmdatíma er ekki ástæða til að búast við því að launakjör verkamanna verði frábrugðin öðrum sambærilegum verkefnum síðustu árin, þ.e. döpur.
- Framkvæmdin myndi kljúfa samfélagið í tvennt en það hefur nú þegar gerst að hluta.
- Möguleikar á ferðaþjónustu tengdri ósnortinni náttúru á svæðinu myndu skerðast.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna

Pétur Halldórsson

Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540, umhverfissinnar@gmail.com